

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 3. apríl 2024

Fundarboð

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs boðar hér með til ársfundar sjóðsins árið 2023. Fundurinn verður haldinn **fimmtudaginn 2. maí nk. í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri kl. 14:00.**

Á dagskrá eru venjuleg ársfundarstörf og eru drög að dagskrá eftirfarandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning ársreiknings og tryggingafræðilegs mats
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Skipan stjórnar
6. Starfskjarastefna
7. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
8. Laun stjórnar
9. Kosning löggilts endurskoðanda
10. Breytingar á samþykktum
11. Önnur mál

Gögn vegna ársfundar verða aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.stapi.is, a.m.k. tveimur vikum fyrir ársfund. Hægt er að fá gögnin send í pósti og skal beiðni um það send á netfangið stapi@stapi.is.

Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum með málfrelsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt hafa þeir einir sem kosnir hafa verið á fundinn sem fulltrúar þeirra aðildarféлага, sem að sjóðnum standa (svokallað fulltrúaráð). Samkvæmt grein 3.6 í samþykktum sjóðsins þá skulu fulltrúar atvinnurekenda (launagreiðenda) á ársfund valdir með eftirfarandi hætti:

“Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 50 stærstu atvinnufyrirtæki og stofnanir með atvinnu- eða þjónustustarfsemi, með tilliti til iðgjaldagreiðslna af eigin starfsmönnum til sjóðsins á næstliðnu reikningsári, tilnefna einn fulltrúa hver. Heimilt er að telja fyrirtæki sem gera samstæðuuppgjör sem einn aðila m.t.t. þessarar greinar. Samtök launagreiðenda, sem aðild eiga að sjóðnum skv. grein 3.3, skulu tilnefna þá fulltrúa, sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í fulltrúaráðinu, í hlutfalli við iðgjöld aðildarfyrirtækja/stofnana sinna”

Þau samtök sem vitnað er til í grein 3.3 eru Samtök atvinnulífsins. Þar sem fyrirtækið fellur undir ofangreind ákvæði er þess óskað að valinn verði fulltrúi ykkar á fundinn. Aðeins kjörnir fulltrúar hafa atkvæðisrétt á fundinum því er mikilvægt að sjóðurinn fái upplýsingar um þann sem félagið kys til fundarsetu.

Vinsamlega tilkynnið um nafn, kennitölu, netfang og símanúmer fulltrúa bréflaga eða í tölvupósti á netfangið fjarmal@stapi.is í síðasta lagi 17. apríl n.k.

Með bestu kveðju,
Fh. stjórnar Stapa lífeyrissjóðs

Jóhann Steinar Jóhannsson